

Sp. 188. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um könnun á tannlæknaþjónustu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon,
Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta kanna notkun tannlæknaþjónustu hér á landi og kostnað neytenda af henni.

Félagsvísindastofnun háskólans verði falið verkefnið en könnunin miðist við að leiða í ljós eftirfarandi atriði, skipt eftir kyni, aldri, búsetu og atvinnustétt:

1. áætluð árleg útgjöld fjölskyldna og einstaklinga vegna tannlækninga;
2. hversu oft einstakir aldurshópar notfæra sér tannlæknaþjónustu.

Kostnaður við könnunina greiðist úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Markmið þessarar tillögu er að láta fara fram könnun á því hve oft einstakir aldurshópar í þjóðfélaginu notfæri sér tannlæknaþjónustu og enn fremur útgjöld fjölskyldna og einstaklinga af þeim sökum.

Slík könnun gæti haft margvíslegt gildi. Lítið er vitað um heildarkostnað við tannlækningar á Íslandi, einkum vegna þess að almannatryggingakerfið tekur aðeins þátt í tannlækna-kostnaði ákveðinna hópa í þjóðfélaginu. Upplýsingar, sem fram hafa komið hjá tannlæknum um hlut tryggðra sjúklinga í tannlæknaverku á landinu, ber ekki saman. Annars vegar hafa þeir sett fram tölur um 10–15% hlut tryggðra í tannlæknaverku og hins vegar 50–60%. Könnun sú, sem hér er gert ráð fyrir, gæti gefið góða vísbendingu um þann þátt, auk þess sem með slíkri könnun mætti fá haldgóðar upplýsingar um heildartannlækna-kostnað á landinu.

Könnun þessi mundi einnig leiða í ljós hvort einstakir aldurs- eða þjóðfélagshópar sækir síður tannlæknaþjónustu en aðrir. Eftir slíkum upplýsingum mætti því ákveða hvaða leiðir ætti að fara til að auka tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerðir og þar með draga úr tannlækna-kostnaði. Einnig mundu þær upplýsingar auðvelda allar ákvarðanir um frekari þátttöku hins opinbera í tannlækna-kostnaði, sem og um mótun stefnu í tannlækningum og tannlæknaþjón-ustu almennt.

Flutningsmenn þessarar tillögu hafa leitað til Félagsvísindastofnunar háskólans til að fá álit þeirra á slíkri könnun ásamt upplýsingum um kostnað.

Stefán Ólafsson, fyrir hönd Félagsvísindastofnunar, hefur sent fyrsta flutningsmanni þessarar tillögu eftirfarandi álitserð:

„Svar við fyrirspurn um möguleika á gerð könnunar á notkun tannlæknaþjónustu og kostnaði neytenda við slíka þjónustu.

Spurningakönnun er mjög þægileg aðferð við að kanna hversu oft fólk notar sér þjónustu tannlækna (t.d. á einum mánuði eða einu ári) og hve mikil útgjöld neytenda eru vegna slíkrar þjónustu. Félagsvísindastofnun framkvæmir reglulega svokallaðar þjóðmálakannanir, sem eru með „spurningavagnsfyrirkomulagi“, þ.e. aðilum býðst að fá inni í slíkum könnunum þar sem hinn fasti kostnaður við framkvæmdina dreifist á nokkra aðila. Þetta er því ódýrasti framkvæmdamátinn, sem býðst, til að gera slíkar kannanir.

Könnun sú, sem hér um ræðir, mundi falla mjög vel að þessu fyrirkomulagi. Í könnunum þessum er byggt á 1500 manna úrtaki af öllu landinu og miðað við aldurshópana 18–80. Nauðsynlegt er að hafa úrtakið svona stórt til þess að niðurstöður verði marktækar fyrir landið allt og til þess að hægt verði að meta heildarútgjöld landsmanna vegna tannlæknaþjónustu. Þá er mögulegt að spyrja foreldra um notkun fólks undir 18 ára aldri á tannlæknaþjónustu ef ekki væri óskað eftir sérstakri könnun meðal barna og unglinga.

Allar niðurstöður í slíkri könnun yrði hægt að greina eftir búsetu svarenda á landinu, aldri og kyni (sérstaklega væri t.d. hægt að taka út börn og aldrað fólk), fjölskylduáðstæðum og starfsstétt.

Í könnunum þessum er fast verð fyrir hverja spurningu. Nú er það 33 000 krónur fyrir fyrstu spurningu, 22 000 fyrir aðra spurningu, og 16 000 fyrir hverja spurningu sem þá bætist við. Spurningapakki um tannlæknaþjónustu með fimm til sjö spurningum mundi til dæmis kosta 103 000 til 135 000 krónur. Innifaldar í því eru allar bakgrunnsbreytur, þ.e. búseta, aldur, kyn, stétt, hjúskaparstaða o.fl.

Ætla má að Félagsvísindastofnun verði með tvær slíkar „spurningavagnskannanir“ á fyrri hluta næsta árs og væri hægt að taka spurningar um tannlæknaþjónustu inn í aðra hvora þeirra.“

Eins og fram kemur er hér um mjög lítinn kostnað að ræða eða um 135 þús. kr. Þegar til þess er litið hve slík könnun hefði mikið upplýsingagildi fyrir stjórnvöld og aðra þá sem um þessi mál fjalla þá verður að vænta þess að um það geti náðst samstaða á Alþingi að slík könnun fari þegar fram. Í því sambandi er rétt að benda á að slíkar upplýsingar gætu einnig auðveldað alla samninga sem staðið hafa lengi yfir við tannlækna vegna tryggðra hópa. Skortur á upplýsingum um ýmsa þætti tannlæknaþjónustunnar hafa torveldað lausn þeirra samninga en úr slíkri könnun mætti fá fram mikilvægar upplýsingar sem gildi hefðu við alla samningagerð við tannlækna.